



6. fundur stjórnar SSA haldinn 21. janúar 2015.

Fundurinn hófst kl. 12:00 í húsakynnum Austurbrúar að Búðareyri 1 á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð frá Tærgesen á meðan á fundinum stendur. Mættir voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Stefán Grímur Rafnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gauti Jóhannesson, Jón Björn Hákonarson og Hákon Hansson sem kom inn á fundinn kl. 12.30.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

1. Fundargerðir

1. Fundargerðir 4. og 5. funda stjórnar, 2. fundar framkvæmdaráðs og 1. fundar samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfjarða, SASS og Eyþingi lagðar fram til kynningar.
3. Bréf frá Landsneti um mat á kerfisáætlun. Verkefnastjóra falið að taka undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga við áætlunina.

2. Nýr samningur um sóknaráætlun 2015-2019

1. Staða mála kynnt. Von á endanlegum samningi á næstu dögum.
2. Umsagnir SSA og breytingartillögur lagðar fram til kynningar.
3. Skiptareglan – umsagnir SSA. Fundur með þingmönnum 16. desember 2014. Framkvæmdaráði og verkefnastjóra falið að skipuleggja frekari viðbrögð.
4. Staða samninga um menningarmiðstöðvar og NA-verkefni. Formaður sat fund í mennta- og menningarmálaráðuneyti 9. janúar 2015 þar sem fram kom að þessir samningar yrðu utan við nýjan samning um sóknaráætlun.
5. Skipulag vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar Austurlands.
 - Skipan samráðsvettvangs
 - Samstarf við Austurbrú um framkvæmd. Gróf áætlun frá framkvæmdastjóra Austurbrúar gerir ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd verkefnisins verði rúmlega 400.000 kr. Samþykkt að þessi kostnaður verði tekinn af fundakostnaði í fjárhagsáætlun SSA.
6. Kynnt hugmynd Byggðastofnunar um framhald verkefnisins Brothættar byggðir og ráðningu verkefnisstjóra. BB kynnti drög að heildarsamningi vegna verkefnisins, drög að samningi vegna Breiðdalsvíkur og drög að starfslýsingu verkefnastjóra. Stjórn SSA gerir ekki athugasemdir við drögin.

3. Önnur mál

1. Kynntar óskir um umsagnir og umsagnir/ályktanir sem borist hafa.



- Stefna um úrgangsförvarnir.
2. Breytingar á starfsemi markaðsstofa – bréf og gögn frá Ferðamálastofu. Eftirfarandi bókun lögð fram: **Samband sveitarfélaga á Austurlandi leggur ríka áherslu á það að stoðkerfi landshlutanna sé treyst til að sinna með faglegum og ábyrgum hætti þeim verkefnum þeim eru falin af Ferðamálastofu. Stjórn SSA á erfitt með að sætta sig við þá auknu miðstýringu sem fram kemur í tillögum Ferðamálastofu (seta fulltrúa Ferðamálastofu á öllum fundum fagráða), aukið flækjustig og umsýslu án þess þó að því fylgi aukið fjárframlag. Þá telur SSA brynt að Ferðamálastofa taki frekara tillit til hugmynda og áherslna markaðsstofa landshlutanna sem þekkja gerst sitt starfssvæði og þarfir þess.** Samþykkt samhljóða.
 3. Beiðni frá formanni samgöngunefndar um upplýsingafund með samgöngunefnd um almenningssamganga-verkefni. Stjórn samþykkir að framkvæmdaráð muni mæta á fund samgöngunefndar 17. febrúar nk. ásamt með öðrum þeim sem nauðsynlegt þykir.
 4. Samþykkt að 2.000.000 kr. af árlegum greiðslum frá Vegagerðinni til þróunar almenningssamganga á Austurlandi fari til að standa straum af þróun leiðakerfisins og innleiðingar Curron-kerfis á árinu 2014.
 5. Samstarfssamningur SSA við Austurbrú lagður fram til kynningar.
 6. Staðfest breyting á prókúru til starfsmanns Austurbrúar vegna SSA.
 7. Sameiginlegur fundur stjórnar SSA og Eypings með þingmönnum kjördæmis 11. febrúar nk. Formaður kynnti hugmyndir að málefnum til umræðu á fundinum. Stjórn felur formanni að vinna málið áfram í samvinnu við formann stjórnar Eypings.
 8. Dýralækningar á Austurlandi. Formaður lagði til að skoðað yrði hvernig fyrirkomulag dýralækninga á landsbyggðinni er að virka á Austurlandi.

Fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur framkvæmdaráðs ákveðinn 17. febrúar kl. 12.00.
Reyðarfirði, 21. janúar 2015

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson



Hákon Hansson